

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/575****2021/EES/78/14****frá 8. júní 2016**

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla varðandi gögnin sem viðskiptastaðir eiga að birta um gæði framkvæmdar viðskipta (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB, og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum a-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 27. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í því skyni að útvega bæði almenningi og verðbréfafyrirtækjum viðeigandi gögn um gæði framkvæmdar viðskipta sem auðvelda þeim að ákvarða bestu aðferðina til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina, er mikilvægt að kveða á um sérstakt efni, snið og tíðni gagna sem tengjast gæðum framkvæmdar viðskipta með fjármálagerninga sem viðskiptavettvangar og innmiðlarar eiga að birta og falla undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽²⁾. Einnig er mikilvægt að kveða á um sérstakt efni, snið og tíðni gagna sem tengjast gæðum framkvæmdar viðskipta með aðra fjármálagerninga sem krafist er að viðskiptastaðir birti og ekki falla undir viðskiptaskylduna. Að því er þetta varðar ætti að taka tilhlýðilegt tillit til tegundar viðskiptastaðar og tegundar hlutaðeigandi fjármálagernings.
- 2) Til að meta að fullu gæði framkvæmdar viðskipta sem eiga sér stað í Sambandinu þykir rétt að viðskiptastaðir, sem verðbréfafyrirtæki geta valið úr til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar, uppfylli kröfur um gögn sem viðskiptastaðir eiga að útvega í samræmi við þessa reglugerð. Til að svo megi verða ættu þessir viðskiptastaðir að taka til skipulegra markaða, markaðstorga fjármálagerninga, skipulegra markaðstorga, innmiðlara, viðskiptavaka og annarra aðila sem veita seljanleika.
- 3) Mismunandi tegund viðskiptastaða og fjármálagerninga kallar á að efni skýrslugjafar sé breytilegt með hliðsjón af nokkrum þáttum. Rétt þykir að aðgreina magn og gerð tilkynnta gagna samkvæmt viðskiptakerfum, -formum og -verkvöngum til að setja gæði framkvæmdarinnar í viðeigandi samhengi.
- 4) Til að forðast óviðeigandi samanburð á milli viðskiptastaða og tryggja marktækni safnaðra gagna ættu viðskiptastaðir að leggja fram aðgreindar skýrslur sem samsvara sviðum sem höndla með ólíkar tilboðaskrár eða sem eru eftirlitskyld með öðrum hætti eða nota mismunandi auðkenniskóða markaðshluta.
- 5) Til að tryggja sem nákvæmasta mynd af raunverulegum gæðum framkvæmdar viðskipta ættu viðskiptavettvangar ekki að birta meðal framkvæmdra fyrirmæla þau sem viðskipti eru með utan verðbréfamarkaða (e. *over the counter* (OTC)) og tilkynnt eru til viðskiptavettvangsins.
- 6) Þegar viðskiptavakar og aðrir aðilar sem veita seljanleika gefa skýrslu sem viðskiptastaðir fyrir fjármálagerninga, sem ekki falla undir viðskiptaskylduna, ættu þeir eingöngu að birta viðskiptavinum sínum upplýsingar um framkvæmd tilboðanna eða tilboðsverðið, þegar tilboðin eru annaðhvort verðsett eða framkvæmd utan verðbréfamarkaða, eða framkvæmd skv. 4. og 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, að undanskildum tilboðum sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi viðskiptavettvangs og bíða birtingar.
- 7) Rétt þykir að hafa í huga að aðrir aðilar sem veita seljanleika ættu að taka til fyrirtækja sem lýsa sig reiðubúin að eiga viðskipti fyrir eigin reikning og sem veita seljanleika sem hluta af eðlilegri atvinnustarfsemi sinni, hvort heldur þau hafa gert formlegt samkomulag þess efnis eða skuldbinda sig til að veita seljanleika á viðvarandi grundvelli eða ekki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 152. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

- 8) Til að hafa fullkomið gagnsæi að því er varðar gæði framkvæmdar viðskipta í tengslum við verð, þykir rétt að upplýsingarnar sem veittar eru í tengslum við verð séu undanskildar öllum þóknunum eða áföllnum vöxtum, þar sem við á.
- 9) Við ákvörðun um viðeigandi upplýsingar fyrir mat á gæðum verðs ætti að krefjast bæði upplýsinga um daglegt meðaltal og upplýsinga á tilteknum tímavörðum. Þetta mun gefa þátttakendum rétt samhengi og fyllri mynd þegar gæðin á framkvæmd viðskipta eru greind. Til að hægt sé að gera verðsamburð á fjármálagerningum er einnig nauðsynlegt að tilgreina gjaldmiðilskóðann fyrir öll tilkynnt viðskipti.
- 10) Til að tryggja samkvæmni í eftirliti þykir ekki rétt að krefja viðskiptavettvanga um að veita upplýsingar um viðskipti sem áfram, við birtingu, falla undir frestun birtingar í samræmi við kröfur um gagnsæi eftir viðskipti. Rétt þykir að innmiðlarar, viðskiptavakar og aðrir aðilar sem veita seljanleika séu undanskildir birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir tiltekinn tímavörð, fyrir öll viðskipti sem eru yfir staðlaðri markaðsstærð eða yfir stærð sem einkennandi er fyrir fjármálagerninginn, til að komast hjá því að þessir vettvangar verði útsettir fyrir óþarfa áhættu af birtingu viðskiptalega viðkvæmra upplýsinga sem gætu hindrað getu þeirra til að áhættuverja áhættuskuldbindingar og veita lausafé. Fyrir hlutabréf, kauphallarsjóði og skírteini sem teljast vera illseljanleg samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er viðmiðunarmarkað sem nota skal fyrir stöðluðu markaðsstærðina, lægsta tiltæka staðlaða markaðsstærðin fyrir þá tegund af fjármálagerningi. Til að komast hjá óvissu þykir rétt að útskýra að tilvísun til umfangsmikillar stærðar og stærðar sem einkennandi er fyrir fjármálagerninginn hefur sömu merkingu, eins og sett er fram í kröfum um gagnsæi eftir viðskipti.
- 11) Mikilvægt er að fullt gagnsæi sé varðandi allan kostnað sem innheimtur er þegar tilboð eru framkvæmd í gegnum tiltekinn vettvang. Nauðsynlegt er að tilgreina allan kostnað vegna framkvæmdarinnar á fyrirmælum viðskiptavinar sem á við um tiltekinn vettvang og sem viðskiptavinurinn greiðir beint eða óbeint. Þessi kostnaður ætti að ná yfir gjöld fyrir framkvæmdina, þ.m.t. gjöld fyrir framlagningu, breytingu eða niðurfellingu á tilboðum eða afturköllun á verðtilboðum, sem og sérhver gjöld sem tengjast aðgangi að markaðsgögnum eða afnotum af útstöðvum. Viðkomandi kostnaður getur verið gjöld fyrir stöðustofnun eða uppgjör eða önnur gjöld til þriðju aðila sem koma að framkvæmdinni á tilboðunum, þegar þeir eru hluti þjónustunnar sem viðskiptastaðurinn veitir. Upplýsingar um kostnað ættu einnig að ná yfir skatta eða álögur sem reikningsfærðar eru beint á vettvanginn eða stofnað er til af vettvanginum fyrir hönd aðila eða notenda viðskiptastadarsins eða viðskiptavinarins sem fyrirmælin vísa til.
- 12) Líkur á framkvæmd gefa til kynna hversu líklegt er að tiltekin tegund tilboða verði framkvæmd og eru studd með nánari upplýsingum um magn viðskipta í tilteknum gerningi eða öðrum einkennum tilboða og viðskipta. Upplýsingar um líkur á framkvæmd ættu að gera útreikning á mælistikum mögulegan, eins og hlutfallsleg markaðshlutdeild vettvangs í tilteknum fjármálagerningi eða flokki fjármálagerninga. Líkur á framkvæmd ættu einnig að vera metin á grundvelli gagna um viðskipti sem ekki tókst að framkvæma eða tilboð sem felld voru niður eða breytt.
- 13) Framkvæmdarhraði getur haft ólíka merkingu fyrir mismunandi tegundir viðskiptastaða þar sem mæling á hraða er breytileg bæði eftir viðskiptakerfum og viðskiptavertvangi. Fyrir samfelld uppboð með tilboðaskrá ætti framkvæmdarhraði að vera gefinn upp í millisekúndum, en fyrir önnur viðskiptakerfi þykir rétt að nota stærri tímaeiningar. Einnig ætti að undanskilja biðtíma vegna tengingar tiltekins þátttakanda við viðskiptastaðinn, þar sem viðskiptastaðurinn sjálfur getur ekki stjórnað því.
- 14) Til að bera saman gæði framkvæmdar á tilboðum af mismunandi stærð ættu viðskiptastaðir að vera krafðir um að tilkynna um viðskipti innan nokkurra stærðarmarka. Viðmiðanirnar fyrir þessi mörk ættu að vera háðar tegund fjármálagernings og seljanleika hans, til að tryggja að þau gefi fullnægjandi úrtak framkvæmdar í stærð sem dæmigerð er fyrir þann gerning.
- 15) Mikilvægt er að viðskiptastaðir safni gögnum á venjulegum opnunartíma sínum. Skýrslugjöf ætti að vera án gjaldtöku, gerð á tölvulesanlegu rafrænu formi fyrir milligöngu vefseturs á Netinu til að gera almenningi kleift að hlaða niður, leita, flokka og greina öll gögn sem veitt eru.
- 16) Skýrslum viðskiptastaða ættu að fylgja upplýsingar frá þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar, sem komið var á fót með tilskipun 2014/65/ESB, og þannig gera kleift að þróa betri mælingar á gæðum framkvæmdar.

- 17) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 18) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 19) Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um tiltekið efni, snið og tíðni birtinga viðskiptastaða á gögnum sem varða gæði framkvæmdar viðskipta. Hún gildir um viðskiptavettvanga, innmiðlara, viðskiptavaka og aðra aðila sem veita seljanleika (e. *liquidity providers*).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „viðskiptakerfi“: með hvaða hætti viðskiptastaður framkvæmir fyrirmæli, í formi samfellds uppboðsviðskiptakerfis með tilboðaskrá (e. *continuous auction order book trading system*), samfellds tilboðsdrifins viðskiptakerfis (e. *continuous quote-driven trading system*), viðskiptakerfi með tilboðsbeiðnum (e. *request for quote trading system*), reglulegs uppboðsviðskiptakerfis (e. *periodic auction trading system*) eða blandaðs kerfis sem fellur undir tvo eða fleiri þessara flokka eða undir kerfi þar sem verðákvörðunarferlið er annars eðlis en á við um þær tegundir kerfa sem taldar eru upp hér að ofan,
- b) „stærð sem á sérstaklega við um fjármálagerninginn“: stærð sem á sérstaklega við um skuldabréf, samsetta fjármálaafurð, losunarheimild eða afleiðu sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, sem ekki er virkur markaður með og þar sem viðskiptin með þessa gerninga falla undir frestun birtingar í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,
- c) „umfangsmikil“: umfangsmikil tilboð í samræmi við 7. og 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,
- d) „viðskipti sem ekki tókst að framkvæma“: viðskipti sem viðskiptastaðurinn ógilti,
- e) „verðmargfaldari“: fjöldi eininga af undirliggjandi gerningi, sem stakur afleiðusamningur stendur fyrir,
- f) „verðframsetning“: tilgreining þess hvort verð viðskiptanna er gefið upp sem peningagildi, í prósentum eða sem ávöxtun,
- g) „magntáknun“: tilgreining þess hvort magn viðskiptanna er gefið upp sem fjöldi eininga, nafnvirði eða peningagildi,
- h) „tegund afhendingar“: tilgreining þess hvort fjármálagerningurinn er gerður upp hlutrænt (e. *physically*) eða með reiðufé, þ.m.t. þegar mótaðilinn hefur val um það eða þegar það er ákveðið af þriðja aðila,
- i) „viðskiptaform“: opunaruppboð, lokunaruppboð eða uppboð innan dags samkvæmt tímaáætlun, uppboð utan tímaáætlunar, viðskipti við lokun, viðskipti utan meginviðskiptatímabils, eða viðskiptatilkynningar,
- j) „viðskiptaverkvangur“: tegund verkvangs (e. *platform*) sem viðskiptastaðurinn starfrækir: rafrænn, raddrífinn eða með hrópum (e. *outcry*),

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- k) „dýpt tilboðaskrár“: heildarseljanleiki sem er tiltækur, gefinn upp sem margfeldi verðs og magns allra kaup- og sölutilboða fyrir tilgreindan fjölda verðaukninga (e. *price increments*) frá miðpunkti hagstæðasta kaup- og sölutilboðsins,
- l) „meðaltal raunverðbils (e. *average effective spread*)“: meðaltal tvöfalds mismunar milli raunverulegs framkvæmdarverðs og miðpunkts hagstæðasta kaup- og sölutilboðs á móttökutíma, fyrir markaðstilboð (e. *market orders*) eða markaðshæf tilboð eða skilyrt tilboð (e. *limit orders*),
- m) „meðalhraði framkvæmdar óbreyttra, hlutlausra (e. *passive*) tilboða við hagstæðustu kaup- og sölutilboð“: meðaltíminn sem líður milli skilyrtra tilboða sem samsvara hagstæðasta kaup- og sölutilboði sem viðskiptastaðurinn móttekur og framkvæmdar þeirra fyrir mæla í framhaldinu,
- n) „ágengt tilboð“ (e. *aggressive order*): tilboð sem er fært í tilboðaskrána og tekur upp seljanleika,
- o) „hlutlaust tilboð“ (e. *passive order*): tilboð sem er fært í tilboðaskrána og veitir seljanleika,
- p) „tafarlaust eða niðurfellt tilboð“ (e. *immediate or cancel order*): tilboð sem er framkvæmt við færslu þess í tilboðaskrána og er ekki látið standa áfram í henni vegna eftirstandandi magns sem hefur ekki verið framkvæmt,
- q) „allt eða ekkert“ (e. *fill or kill*) tilboð: tilboð sem er framkvæmt þegar það er fært í tilboðabókina að því tilskildu að unnt sé að framkvæma það að fullu. Sé einungis unnt að framkvæma tilboðið að hluta til er því sjálfkrafa hafnað og það ekki framkvæmt.

3. gr.

Birting upplýsinga um viðskiptastað og fjármálagerning

1. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu birta, fyrir hvern markaðshluta (e. *market segment*) sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um tegund viðskiptastaðarins í samræmi við þriðju undirgrein.

Viðskiptastaðir skulu birta fyrir, hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem ekki fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um tegund viðskiptastaðar í samræmi við þriðju undirgrein.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 1 í viðaukanum:

- i. nafn og vettvangsauðkenni viðskiptastaðar,
- ii. land þar sem lögbært yfirvald er staðsett,
- iii. nafn og auðkenni markaðshlutans,
- iv. dagsetning viðskiptadags,
- v. tegund, fjöldi og meðallengd allra bilana þar sem kerfi lágu niðri, innan venjulegs viðskiptatímabils vettvangsins, sem trufluðu viðskipti með alla gerninga sem tiltækir voru til viðskipta á vettvangnum á viðskiptadeginum,
- vi. tegund, fjöldi og meðallengd allra uppboða sem áttu að fara fram samkvæmt tímaáætlun innan venjulegs viðskiptatímabils vettvangsins á þeim viðskiptadegi,
- vii. fjöldi viðskipta sem ekki tókst að framkvæma á þeim viðskiptadegi,
- viii. virði viðskipta sem ekki tókst að framkvæma, gefið upp sem prósentu af heildarvirði viðskipta sem framkvæmd voru á þeim viðskiptadegi.

2. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um tegund fjármálagernings í samræmi við þriðju undirgrein.

Viðskiptastaðir skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem ekki fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um tegund fjármálagernings í samræmi við þriðju undirgrein þessarar málgreinar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 2 í viðaukanum:

- a) fyrir fjármálagerninga sem hafa auðkenni eins og fram kemur töflu 2 í viðaukanum:
 - i. nafn og auðkenni fjármálagernings,
 - ii. flokkun gernings,
 - iii. gjaldmiðill,
- b) fyrir fjármálagerninga sem ekki hafa auðkenni eins og fram kemur í töflu 2 í viðaukanum:
 - i. nafn og skrifleg lýsing á gerningnum, þ.m.t. gjaldmiðill undirliggjandi gernings, verðmargfaldari, verðframsetning, magntáknun og tegund afhendingar,
 - ii. flokkun gernings,
 - iii. gjaldmiðill.

4. gr.

Verð

Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um verð fyrir hvern viðskiptadag sem tilboð voru framkvæmd með fjármálagerninginn í samræmi við þriðju og fjórðu málsgrein þessarar greinar.

Viðskiptastaðir skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur ekki undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um verð fyrir hvern viðskiptadag sem tilboð voru framkvæmd með fjármálagerninginn í samræmi við þriðju og fjórðu málsgrein þessarar greinar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar:

- a) upplýsingar innan dags
 - i. fyrir viðskiptavettvanga: einfalt meðalverð allra viðskipta sem framkvæmd voru á þeim tveimur mínútum sem hófust á hverjum viðmiðunartímanna 9:30:00, 11:30:00, 13:30:00 og 15:30:00 á samræmdum heimstíma á þeim degi og fyrir hvert stærðarbíl eins og sett er fram í 9. gr.,
 - ii. fyrir innmiðlara, viðskiptavaka og aðra aðila sem veita seljanleika: einfalt meðalverð allra viðskipta sem framkvæmd voru á þeim tveimur mínútum sem hófust á hverjum viðmiðunartímanna 9:30:00, 11:30:00, 13:30:00 og 15:30:00 á samræmdum heimstíma á þeim degi innan stærðarbils 1 eins og það er sett fram í 9. gr.,
 - iii. heildarvirði viðskipta sem framkvæmd voru á því tveggja mínútna tímabili sem um getur í i. og ii. lið,
 - iv. fyrir viðskiptavettvanga: ef engin viðskipti áttu sér stað á fyrstu tveimur mínútum viðkomandi tímabils sem um getur í i. lið, verð fyrstu viðskipta sem framkvæmd voru innan hvers stærðarbils eins og þau eru sett fram í 9. gr., hafi þau verið einhver, eftir hvern viðmiðunartímanna sem settir eru fram í i. lið á þeim degi,
 - v. fyrir innmiðlara, viðskiptavaka og aðra aðila sem veita seljanleika: ef engin viðskipti áttu sér stað á fyrstu tveimur mínútum viðkomandi tímabils sem um getur í ii. lið, verð fyrstu viðskipta sem framkvæmd voru innan stærðarbils 1 eins og það er sett fram í 9. gr., hafi þau verið einhver, eftir hvern viðmiðunartímanna sem settir eru fram í ii. lið á þeim degi,
 - vi. framkvæmdartími hverra viðskipta sem um getur í iv. og v. lið,
 - vii. stærð viðskipta út frá virði hverra framkvæmdra viðskipta sem um getur í iv. og v. lið,
 - viii. viðskiptakerfi og viðskiptaform sem viðskiptin sem um getur í iv. og v. liðum voru framkvæmd á,
 - ix. viðskiptaverkvangur sem viðskiptin sem um getur í iv. og v. liðum voru framkvæmd á,
 - x. hagstæðustu kaup- og sölutilboð eða viðeigandi viðmiðunarverð á framkvæmdartímanum fyrir hver framkvæmd viðskipti sem um getur í iv. og v. lið.

Innan dags upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 3 í viðaukanum.

b) daglegar upplýsingar:

- i. einfalt meðalverð og magnvegið meðalverð viðskipta, ef fleiri en ein viðskipti áttu sér stað,
- ii. hæsta framkvæmda verð viðskipta, ef fleiri en tvenn viðskipti áttu sér stað,
- iii. lægsta framkvæmda verð viðskipta, ef fleiri en tvenn viðskipti áttu sér stað.

Daglegar upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 4 í viðaukanum.

5. gr.

Kostnaður

Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um kostnað sem viðskiptavettvangurinn leggur á aðila eða notendur vettvangsins, í samræmi við þriðju undirgrein þessarar greinar.

Viðskiptastaðir skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem ekki fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um kostnað sem viðskiptastaðirnir leggja á aðila eða notendur viðskiptastaðarins, í samræmi við þriðju undirgrein þessarar greinar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 5 í viðaukanum:

- a) lýsing á eðli og umfangi allra kostnaðarþátta sem viðskiptastaðurinn leggur á, áður en endurgreiðslur að hluta eða afslættir eru dregin frá, og upplýsingar um hvernig þessi kostnaður er mismunandi eftir viðkomandi notanda eða fjármálagerningi og viðkomandi fjárhæðir slíks mismunar. Á meðal kostnaðarþáttanna skulu vera:
 - i. gjöld fyrir framkvæmd,
 - ii. gjöld fyrir framlagningu, breytingu eða afturköllum tilboða eða verðtilboða,
 - iii. gjöld sem tengjast aðgangi að markaðsgögnum og afnotum af útstöðvum,
 - iv. öll stöðustofnunar- og uppgjörsgjöld og önnur gjöld sem greidd eru þriðju aðilum sem koma að framkvæmd tilboðanna,
- b) lýsing á eðli og umfangi allra endurgreiðslna að hluta, afslátta eða annarra greiðslna sem notendum viðskiptastaðarins eru boðnar, þ.m.t. upplýsingar um hvernig þessar endurgreiðslur, afslættir eða aðrar greiðslur eru mismunandi eftir viðkomandi notanda eða fjármálagerningi og fjárhæðir slíks mismunar,
- c) lýsing á eðli og umfangi ópeningalegs ávinnings sem notendum viðskiptastaðarins bjóðast, þ.m.t. upplýsingar um hvernig slíkur ópeningalegur ávinningur er mismunandi eftir viðkomandi notanda eða fjármálagerningi og virði slíks mismunar,
- d) lýsing á eðli og umfangi allra skatta eða álaga sem innheimtar eru hjá, eða lagðar eru á viðskiptastaðinn, fyrir hönd aðila eða notenda vettvangsins,
- e) tengill á vefsetur vettvangsins eða aðra upplýsingalind þar sem nánari upplýsingar um kostnað eru tiltækar,
- f) heildarvirði allra endurgreiðslna að hluta, afslátta, ópeningalegs ávinnings eða annarra greiðslna eins og sett er fram í b- og c-lið, gefið upp sem prósentu af heildarvirði viðskipta yfir tímabilið sem upplýsingagjöfin tekur til,
- g) heildarvirði alls kostnaðar eins og hann er settur fram í a-lið, að undanskildu heildarvirði endurgreiðslna að hluta, afslátta, ópeningalegs ávinnings eða annarra greiðslna eins og sett er fram í b- og c-lið, gefið upp sem prósentu af heildarvirði viðskipta yfir tímabilið sem upplýsingagjöfin tekur til.

6. gr.

Líkur á framkvæmd

Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um líkur á framkvæmd hvað varðar hvern viðskiptadag í samræmi við þriðju málsgrein þessarar greinar.

Viðskiptastaðir skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem ekki fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, upplýsingar um líkur á framkvæmd hvað varðar hvern viðskiptadag í samræmi við þriðju málsgrein þessarar greinar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 6 í viðaukanum:

- a) fjöldi tilboða eða beiðna um verðtilboð sem móttækin voru,
- b) fjöldi og virði viðskipta sem voru framkvæmd, séu þau fleiri en ein,
- c) fjöldi móttækinna tilboða eða beiðna um verðtilboð sem felld voru niður eða dregin til baka, að undanskildum hlutlausum tilboðum með fyrirmælum um afturköllun eða um niðurfellingu þeirra við lok dags,
- d) fjöldi móttækinna tilboða eða beiðna um verðtilboð sem var breytt á þeim degi,
- e) miðgildi viðskiptastærðar á þeim degi ef fleiri en ein viðskipti áttu sér stað,
- f) miðgildisstærð allra tilboða eða beiðna um verðtilboð á þeim degi, ef fleiri en eitt tilboð eða beiðnir um verðtilboð voru móttækin,
- g) fjöldi skilgreindra viðskiptavaka.

7. gr.

Viðbótarupplýsingar fyrir viðskiptastaði með samfelldu uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá og samfelldu tilboðsdrifnu viðskiptakerfi

1. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar sem starfrækja samfelldu uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá, samfelldu tilboðsdrifið viðskiptakerfi eða aðra tegund af viðskiptakerfi þar sem þær upplýsingar eru tiltækar skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, viðbótarupplýsingar á þeim viðmiðunartímum sem tilgreindir eru í i. og ii. lið 4. gr. a um hvern viðskiptadag í samræmi við þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Viðskiptastaðir sem starfrækja samfelldu uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá, samfelldu tilboðsdrifið viðskiptakerfi eða aðra tegund af viðskiptakerfi þar sem þær upplýsingar eru tiltækar skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur ekki undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, viðbótarupplýsingar á þeim viðmiðunartímum sem tilgreindir eru í i. og ii. lið 4. gr. a um hvern viðskiptadag í samræmi við þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 7 í viðaukanum:

- i. hagstæðasta verð kaup- og sölutilboða og samsvarandi magn,
- ii. dýpt tilboðaskrár fyrir þrjár verðaukningar.

2. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar sem starfrækja samfelldu uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá, samfelldu tilboðsdrifið viðskiptakerfi eða aðra tegund af viðskiptakerfi þar sem þær upplýsingar eru tiltækar skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, viðbótarupplýsingar um hvern viðskiptadag í samræmi við þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Viðskiptastaðir sem starfrækja samfelldu uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá, samfelldu tilboðsdrifið viðskiptakerfi eða aðra tegund af viðskiptakerfi þar sem þær upplýsingar eru tiltækar skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur ekki undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, viðbótarupplýsingar um hvern viðskiptadag í samræmi við þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 8 í viðaukanum:

- a) meðaltal raunverðbils (e. *average effective spread*),
- b) meðalmagn við hagstæðasta kaup- og sölutilboð,
- c) meðalverðbil við hagstæðasta kaup- og sölutilboð,
- d) fjöldi niðurfellinga við hagstæðasta kaup- og sölutilboð,
- e) fjöldi breytinga við hagstæðasta kaup- og sölutilboð,
- f) meðaldýpt tilboðaskrár fyrir 3 verðaukningar,

- g) meðaltími og miðgildi tíma milli móttöku viðskiptastaðarins á ágengu tilboði eða á samþykkt verðtilboðs og framkvæmdar í heild eða að hluta í framhaldinu,
- h) meðalhraði framkvæmdar á óbreyttum, hlutlausum tilboðum við hagstæðustu kaup- og sölutilboð,
- i) fjöldi „allt eða ekkert“ tilboð sem ekki tókst að framkvæma,
- j) fjöldi tafarlausra eða niðurfelldra tilboða sem ekki voru framkvæmd að neinum hluta (e. *zero fill*),
- k) fjöldi og virði viðskipta sem framkvæmd voru á viðskiptavettvangnum sem eru umfangsmikil skv. 4. eða 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,
- l) fjöldi og virði viðskipta sem framkvæmd voru á viðskiptavettvangnum skv. 4. eða 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, að undanskildum tilboðum sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi viðskiptavettvangsins og bíða birtingar og falla ekki undir k-lið,
- m) fjöldi og meðallengd truflana á viðskiptum af völdum uppboðs vegna flökts (e. *volatility auction*) eða útsláttar viðskiptarofa (e. *circuit breaker*) sem áttu sér stað innan venjulegs viðskiptatímabils vettvangsins,
- n) eðli, fjöldi og meðallengd allra viðskiptastöðvana sem áttu sér stað vegna ákvörðunar vettvangsins innan venjulegs viðskiptatímabils vettvangsins, að undanskildum þeim sem tilkynnt var um skv. v. lið 1. mgr. 3. gr.

3. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar sem starfrækja, að öllu leyti eða að hluta, samfellt tilboðsdrifið viðskiptakerfi skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, viðbótarupplýsingar í samræmi við þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Viðskiptastaðir sem starfrækja, að öllu leyti eða að hluta, samfellt tilboðsdrifið viðskiptakerfi skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur ekki undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, viðbótarupplýsingar í samræmi við þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 8 í viðaukanum:

- a) fjöldi og meðallengd, á venjulegum viðskiptatíma vettvangsins, allra tímabila sem vorðu í meira en 15 mínútur og þar sem engin kaup- eða sölutilboð voru gerð fyrir hvern viðskiptadag,
- b) meðaltal tiltækileika verðtilboða, gefið upp sem prósentu af venjulegu viðskiptatímabili vettvangsins á þeim degi.

8. gr.

Viðbótarupplýsingar fyrir tilboðsdrifna viðskiptastaði

Viðskiptavettvangar og innmiðlarar sem starfrækja tilboðsdrifið viðskiptakerfi eða aðra tegund viðskiptakerfis sem þær upplýsingar eru tiltækar fyrir skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, viðbótarupplýsingar um hvern viðskiptadag í samræmi við þriðju málsgrein þessarar greinar.

Viðskiptastaðir sem starfrækja tilboðsdrifið viðskiptakerfi eða aðra tegund viðskiptakerfis sem þær upplýsingar eru tiltækar fyrir skulu birta, fyrir hvern markaðshluta sem þeir starfrækja og hvern fjármálagerning sem fellur ekki undir viðskiptaskylduna í 23. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, viðbótarupplýsingar um hvern viðskiptadag í samræmi við þriðju málsgrein þessarar greinar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar á því sniði sem sett er fram í töflu 9 í viðaukanum:

- a) meðaltími og miðgildi tíma sem leið milli samþykktar verðtilboðs og framkvæmdar, um öll viðskipti með þann fjármálagerning, og,
- b) meðaltími og miðgildi tíma sem leið milli beiðnar um verðtilboð og veitingar samsvarandi verðtilboða, um öll verðtilboð fyrir þann fjármálagerning.

9. gr.

Ákvörðun stærðarbila í upplýsingagjöf

Viðskiptastaðir skulu greina frá framkvæmdum viðskiptum sem tilgreind eru í 4. gr. á eftirfarandi stærðarbilum:

- a) fyrir alla fjármálagerninga aðra en peningamarkaðsgerninga:
- i. bil 1: stærri en 0 evrur og minni en eða jöfn og staðlaða markaðsstærðin eða stærðin sem á sérstaklega við um fjármálagerninginn,
 - ii. bil 2: stærri en staðlaða markaðsstærðin eða stærðin sem á sérstaklega við um fjármálagerninginn og minni en eða jöfn og umfangsmikil stærð,
 - iii. bil 3: stærri en umfangsmikil stærð.
- b) fyrir illseljanleg hlutabréf, kauphallarsjóði eða skírteini:
- i. bil 1: stærri en 0 evrur og minni en eða jöfn og minnsta tiltæka staðlaða markaðsstærð þeirrar tegundar gernings,
 - ii. bil 2: stærri en minnsta tiltæka staðlaða markaðsstærð þeirrar tegundar gernings og minni en eða jöfn og umfangsmikil stærð,
 - iii. bil 3: stærri en umfangsmikil stærð.
- c) fyrir peningamarkaðsgerninga:
- i. bil 1: stærri en 0 evrur og minni en eða jöfn og 10 milljón evrur,
 - ii. bil 2: stærri en 10 milljón evrur og minni en eða jöfn og 50 milljón evrur,
 - iii. bil 3: stærri en 50 milljón evrur.

10. gr.

Snið birtingar

Viðskiptastaðir skulu birta upplýsingarnar, um hvern viðskiptadag, í samræmi við sniðmátin sem sett eru fram í viðaukanum, á rafrænu, tölvulesanlegu formi og þannig að þær séu tiltækar almenningi til niðurbals.

11. gr.

Tíðni birtinga á upplýsingunum

Viðskiptastaðir skulu birta upplýsingarnar ársfjórðungslega og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs, eins og hér segir:

- a) eigi síðar en 30. júní, upplýsingar um tímabilið 1. janúar til 31. mars,
- b) eigi síðar en 30. september, upplýsingar um tímabilið 1. apríl til 30. júní,
- c) eigi síðar en 31. desember, upplýsingar um tímabilið 1. júlí til 30. september,
- d) eigi síðar en 31. mars, upplýsingar um tímabilið 1. október til 31. desember.

12. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

Tími (T)	Stærðar- bil	Öll viðskipti sem eru framkvæmd innan fyrstu tveggja mínútna eftir tíma T		Fyrstu viðskipti eftir tíma T (ef engin viðskipti innan fyrstu tveggja mínútna eftir tíma T)						
		Einfalt meðalverð framkvæmdra viðskipta (að undanskildum þóknunum og áföllnum vöxtum)	Heildarvirði framkvæmdra viðskipta	Verð	Tími framkvæmdar	Viðskiptastærð	Viðskiptakerfi	Viðskiptaform	Viðskiptaverkvangur	hagstæðasta kaup- og sölutilboð eða viðeigandi viðmiðunarverð á tíma framkvæmdar
13.30.00	1									
	2									
	3									
15.30.00	1									
	2									
	3									

Tafla 4 — verðupplýsingar sem birta á eins og um getur í b-lið 4. gr.

einfalt meðalverð viðskipta	
magnvegið viðskiptaverð	
hæsta framkvæmda verð viðskipta	
lægsta framkvæmda verð viðskipta	

Tafla 5 — kostnaðarupplýsingar sem birta á eins og um getur í 5. gr.

Upplýsingar sem krafist er skv. a- til d-liðar 5. gr.	(Lýsing)
Tengill á vefsetur eða á aðra upplýsingalind þar sem nánari upplýsingar um kostnað eru tiltækar	
Heildarvirði allra endurgreiðslna að hluta, afslátta eða annarra greiðslna sem boðin eru (sem % af heildarvirði viðskipta á tímabilinu sem upplýsingagjöfin tekur til)	%
Heildarvirði alls kostnaðar (sem % af heildarvirði viðskipta á tímabilinu sem upplýsingagjöfin tekur til)	%

Tafla 6 — upplýsingar um líkur framkvæmdar sem birta á eins og um getur í 6. gr

Fjöldi móttækinnna tilboða eða beiðna um verðtilboð	
Fjöldi framkvæmdra viðskipta	
Heildarvirði framkvæmdra viðskipta	
Fjöldi móttækinnna tilboða eða beiðna um verðtilboð sem felld voru niður eða dregin til baka	

Fjöldi móttækinnna tilboða eða beiðna um verðtilboð sem var breytt	
Miðgildi viðskiptastærðar	
Miðgildi stærðar allra tilboða eða beiðna um verðtilboð	
Fjöldi skilgreindra viðskiptavaka	

Tafla 7 — upplýsingar um líkur framkvæmdar sem birta á eins og um getur í 1. mgr. 7 gr.

Tími	Hagstæðasta kaup-tilboðsverð	Hagstæðasta sölutilboðsverð	Stærð kaup-tilboðs	Stærð sölutilboðs	Dýpt tilboðaskrár innan 3verðaukninga
9.30.00					
11.30.00					
13.30.00					
15.30.00					

Tafla 8 — upplýsingar sem birta á eins og um getur í 2. og 3. mgr. 7 gr.

Meðaltal raunverðbils (e. <i>average effective spread</i>)	
Meðalmagn við hagstæðasta kaup- og sölutilboð	
Meðalverðbil við hagstæðasta kaup- og sölutilboð	
Fjöldi niðurfellinga við hagstæðasta kaup- og sölutilboð	
Fjöldi breytinga við hagstæðasta kaup- og sölutilboð	
Meðaldýpt tilboðaskrár við 3 verðaukningar	
Meðaltími sem leið (niður í millisekúndur) milli móttöku viðskiptastáðarins á áöngungu (e. <i>aggressive</i>) tilboði eða á samþykkt verðtilboðs og framkvæmdar þeirra í heild eða að hluta í framhaldinu	
Miðgildi tíma sem leið (niður í millisekúndur) milli móttöku viðskiptastáðarins á markaðstilboði (e. <i>market order</i>) og framkvæmdar þess í heild eða að hluta í framhaldinu	
Meðalhraði framkvæmdar á óbreyttum, hlutlausum tilboðum við hagstæðasta kaup- og sölutilboð	
Fjöldi „allt eða ekkert“ tilboða sem ekki tókst að framkvæma	
Fjöldi tafarlausra eða niðurfelldra tilboða sem ekki voru framkvæmd að neinum hluta (e. <i>zero fill</i>)	
Fjöldi viðskipta sem framkvæmd voru á viðskiptavettvangnum og eru umfangsmikil skv. 4. eða 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014	
Virði viðskipta sem framkvæmd voru á viðskiptavettvangnum og eru umfangsmikil skv. 4. eða 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014	

Fjöldi viðskipta sem framkvæmd voru á viðskiptavettvangnum skv. 4. eða 9. gr. reglugerðar um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFIR), að undanskildum tilboðum sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi viðskiptavettvangsins og bíða birtingar og eru ekki umfangsmikil	
Virði viðskipta sem framkvæmd voru á viðskiptavettvangnum skv. 4. eða 9. gr. reglugerðar um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFIR), að undanskildum tilboðum sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi viðskiptavettvangsins og bíða birtingar og eru ekki umfangsmikil	
Fjöldi viðskiptatruflana	
Meðallengd viðskiptatruflana	
Fjöldi stöðvana	
Eðli stöðvana	
Meðallengd stöðvana	
Fyrir vettvanga með samfellt tilboðsdrifið viðskiptakerfi, fjöldi tímabila sem engin verðtilboð voru gefin	
Fyrir vettvanga með samfellt tilboðsdrifið viðskiptakerfi, meðallengd tímabila þar sem engin verðtilboð voru gefin	
Meðaltal tiltækra verðtilboða	

Tafla 9 — upplýsingar sem birta á eins og um getur í 8. gr.

Meðaltími sem leið milli samþykktar og framkvæmdar	
Miðgildi tíma sem leið milli samþykktar og framkvæmdar	
Meðaltími sem leið milli beiðna og veitingar samsvarandi verðtilboða	
Miðgildi tíma sem leið milli beiðna og veitingar samsvarandi verðtilboða	